

LÖG

**um breyting á lögum nr. 4 1. febr. 1980 og lögum nr. 29 3. maí 1982,
um breyting á lögum nr. 80 16. sept. 1971, um Aflatryggingasjóð
sjávarútvegsins.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. gr. laga nr. 4/1980 orðist svo:

Lög þessi öðlast þegar gildi.

2. gr.

1. mgr. 2. gr. laga nr. 29/1982 falli niður.

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella þau ásamt öðrum gildandi breytingum á lögum nr. 80/1971 um Aflatryggingasjóð sjávarútvegsins inn í þau lög og gefa lögin út þannig breytt.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er heimilt að greiða bætur úr sjóðnum vegna aflabrests á grásleppuvertíð 1982.

Gjört í Reykjavík, 7. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

LÖG

um þjóðsöng Íslendinga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Þjóðsöngur Íslendinga er „Ó Guð vors lands“, ljóð eftir Matthías Jochumsson og lag Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

2. gr.

Þjóðsöngurinn er eign íslensku þjóðarinnar, og fer forsætisráðuneytið með umráð yfir útgáfurétti á honum.

3. gr.

Þjóðsönginn skal ekki flytja eða birta í annarri mynd en hinni upprunalegu gerð. Ekki er heimilt að nota þjóðsönginn á nokkurn hátt í viðskipta- eða auglýsingaskyni.

4. gr.

Nú rís ágreiningur um rétta notkun þjóðsöngsins og sker þá forsætisráðherra úr.

5. gr.

Með forsetaúrskurði skal setja nánari ákvæði um notkun þjóðsöngsins, ef þörf þykir.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða varðhaldi. Með mál út af slíkum brotum skal farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 8. mars 1983.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 34 21. maí 1964, um loftferðir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

141. gr. 3. mgr. laganna breytist þannig að í stað orðanna „Skylt er flugmálaráðherra að skipa nefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið“ komi:

Flugmálaráðherra skal skipa 5 kunnáttumenn til 4 ára í senn í flugslysaneftnd. Nefndin skal kanna orsakir flugslysa, ef manntjón hefur orðið eða legið hefur við slysi á mönnum eða miklu tjóni á munum. Nefndin ákveður sjálf hvaða mál hún kannar. Nefndin skal einnig gera tillögur til úrbóta í öryggismálum flugsins, eftir því sem rannsókn á orsökum flugslysa gefur tilefni til.

Flugslysaneftndin skal starfa sjálfstætt og óháð. Henni er heimilt að leita til flugmála-stjórnar og lögreglu um aðstoð og upplýsingar eftir því sem tilefni gefst til.

Nefndarmenn skulu víkja sæti og ráðherra skipa aðra í þeirra stað, ef könnunin beinist að slysi er varðar þá sjálfa, vandamenn þeirra eða skyldmennni svo og fyrirtæki sem þeir starfa hjá eða eiga hlut í.

Ráðherra setur nefndinni starfsreglur.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.